

Fréttabréf AFLs

3. tbl. 2022

Dreift um allt Austurland

Ábyrgðarmaður: Sverrir Albertsson



Hækkun lægstu launa eða lagfæring launatöflu

Á meðal spurninga sem lögð var fyrir í undirbúningskönnunum AFLs vegna komandi kjarasamninga var hvort leggja ætti áherslu á að hækka lægstu taxa eða að breikka bil milli taxa í launatöflu þannig að ábyrgð og starfsaldur skili sér í betri launum.

Til skýringar er rétt að taka fram að með því að launahækkunar síðustu 15 ára hafa flestar verið krónutöluhækkunar – hafa launataxtar Alþýðusambandsfélaga þjappast æ meira saman. Þannig var t.d. 34% munur á efsta og lægsta taxa verkafólks fyrir 15 árum síðan en er tæp 10%. Þetta þýðir t.d. að umbun sem fólk fær fyrir að sækja t.d. fiskvinnslunámskeið, afla sér

vinnuvélaréttinda svo og fyrir starfsaldur – hefur minnkað verulega hlutfallslega við lægstu grunnlaun.

Könnunin sýndi að 75% iðnaðarmanna vilja lagfæra launatöflu en 25% hækka lægstu laun mest. 52% verslunarmanna vilja hækka lægstu laun mest og 48% lagfæra launatöflu. 60% starfsfólks í þjónustustörfum vilja lagfæra töflu en 40% hækka lægstu laun mest. 56% almenns verkafólks vill lagfæra launatöflu en 44% hækka laun mest. Þetta eru athyglisverðar niðurstöður og innan þessara fjögurra félagsmannahópa eru skiptar skoðanir og fylkingarnar nánast jafnstórar.

Árið 2005 var lögð mikil vinna í það innan Starfsgreinasambandsins

að gera nýjar launatöflu. Þá var miðað við að 1,015% væru á milli launaflokka og sömuleiðis milli þrepa. Þannig gaf hvert starfsaldursþrep 1,015% launahækkun og munur á byrjunarlaunum fiskvinnslufólks án námskeiðs og með námskeiði var þá tveir flokkar eða tvisvar sinnum 1,015%. Í dag er munurinn milli flokka og þrepa orðinn nánast 1,005.

Þetta þýðir t.d. að fiskvinnslustarfsmaður sem lýkur námskeiði og fer úr launaflokki 5 í launaflokk 7 fær í dag 1.897 króna hækkun ef miðað er við taxa án starfsaldurs en hefði fengið 5.591 króna hækkun ef viðmiðið væri ennþá 1,015%.

Stytting vinnuvikunnar var ekki ofarlega í huga félagsmanna og aðeins ca 15% þeirra sem svöruðu

völdu að raða því framarlega á lista áhersluatriða en enginn meðal iðnaðarmanna valdi þetta áhersluatriði.

Langflestir völdu „aukinn kaupmátt“ sem aðaláhersluatriði komandi samninga og einnig voru margir sem vildu setja „réttindaflutning“ milli launagreiðenda ofarlega – og þá t.d. orlofs- og veikindarétt.

Þegar þetta blað kemur út hefur trúnaðarráð félagsins fjallað um áherslukannanirnar og væntanlega gert kröfugerð félagsins.

Frá aðalfundi AFLs

Aðalfundur AFLs var haldinn 23. apríl sl. á Hótel Framtíð á Djúpavogi. Aðalfundur félagsins hafa yfirleitt verið betur sóttir en þessi síðasti – en mögulega hafði áhrif að þennan dag viðraði þökkalega víðast hvar á Austurlandi til tilbreytingar.

Fundurinn fór hins vegar hið besta fram og var skýrsla stjórnar og ársreikningar félagsins samþykktir án athugasemda. Ekki reyndist þörf á kosningu til stjórnar þar sem ekki bárust tillögur innan tilskilins frests, aðrar en tillögur uppstillingarnefndar.

Á fundinum urðu þannig sjálfkjörin sem meðstjórnendur þau: Fanney Ingibjörg Bóasdóttir, Birkir Snær Guðjónsson og Sindri Már Smáráson.

Og sem varamenn í stjórn voru sjálfkjörin þau: Auður Ágústdóttir, Ásdís Helga Jóhannsdóttir, Sara Atladóttir og Kristján Eggert Guðjónsson.

Þá var kosið í 30 manna trúnaðarráð félagsins og stefndi í kosningu þar – þar sem framboð í trúnaðarráð barst úr sal eftir að tillaga



Frá aðalfundinum á Hótel Framtíð. Mynd: Bergsteinn Brynjólfsson

uppstillingarnefndar var kynnt. Til þess kom þó ekki þar sem eitt þeirra sem voru á lista uppstillingarnefndar dró nafn sitt til baka – og sagði hún væri að hverfa af vinnumarkaði á

næstu mánuðum og því væri rétt að yngri kona tæki sæti í ráðinu.

Þá voru samþykktar breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs sem fjallað er um hér á síðunni. Að fundi loknum

var síðan snæddur kvöldverður og lauk samkomunni um kl. 20 og hélt þá hver til síns heima.

Orlofsbyggðin Einarstöðum í endurnýjun lífdaga

Leigur félagsmanna AFLs það sem af er þessu ári slaga nú þegar orðið upp í fjölda leiga allt árið 2015 og á mynd sem hér fylgir með má sjá hvernig notkun félagsmanna AFLs á orlofshúsum félagsins hefur aukist stöðugt síðustu ár.

Fyrir um það bil 10 árum síðan var byggðin að sumu leyti orðin frekar framlág. Flest húsanna voru í upprunalegu ástandi – þ.e. eins og þau voru byggð fyrir 40 – 50 árum síðan. Innréttingar voru gamlar og baðherbergi víða léleg. Við eftirlit kom í ljós að austurgafnar margra húsanna voru illa farnir af fúa og þök farin að láta á sjá.

Meðal eigenda byggðarinnar voru uppi þau sjónarmið að annað hvort væri að loka byggðinni yfir vetrarmánuðina eða ráðast í stór verkefni til að glæða byggðina nýju lífi.

Að sögn formanns Eigendafélags Orlofsbyggðarinnar, Þorkels Kolbeins, réð úrslitum að hafa fengið hitaveitu í byggðina. „Við fórum þá í að stækka pallana og koma heitum pottum við hvert hús og við það jókst strax ásókn félagsmanna yfir vetrarmánuðina.“

Um svipað leyti var ráðist í að klæða gafla og í mörgum tilfellum langhliðar húsanna með járni og endurnýja glugga og hurðir um leið. Við hitaveituvæðinguna þurfti að



Aðgengi hefur verið bætt með skábraut og fleiru í húsi 12.

byggja skúrbyggingar við hvert hús og varð þá hægt að geyma grill og fleiri hluti inni yfir vetrarmánuðina.

Um leið og eigendur húsanna – verkalyðsfélög víða um land – fóru að sjá aukinn áhuga á byggðinni fór endurnýjun húsa af stað með miklum þunga og hafa nú velflest húsin á Einarstöðum verið endurnýjuð að nánast öllu leyti. Húsin hafa verið stækkuð – herbergjaskipan breytt og nýjar innréttingar settar með meiri þægindum á borð við uppþvottavélar.

„Við urðum strax vör við mjög aukinn áhuga á dvöl á Einarstöðum“, sagði Þorkell. „Bæði hefur vetrarleiga aukist verulega og eru yfirleitt engin hús tóm um helgar að vetrarlagi en einnig hefur aðsókn í húsin á sumrin aukist mikið.“


AFL hefur nánast lokið endurnýjun allra húsa og eru aðeins tvö hús eftir nú. Þau verða endurnýjuð á komandi vetri. Við breytingar hafa flest húsanna verið lengd fram og um það bil helmingur húsa er með tveimur

svefnherbergjum og helmingur með þremur.

Á síðusta ári hefur Orlofsbyggðin, sem ábyrg er fyrir viðhaldi utanhúss, ráðist í endurnýjun þaka og er það verkefni er langt komið og má því segja að fyrir utan það átak að koma hitaveitu í öll hús – hafi byggðin verið nánast endurbyggð á síðustu 10 árum.



Orlofshúsin á Einarstöðum hafa fengið mikla andlitslyftingu síðustu ár.



Orlofshúsin Einarstöðum

Öll húsin bókuð allt sumarið

Þessa dagana standa vorverkin yfir í orlofshúsabyggingdinni á Einarstöðum, þar sem verið er að gera húsin klár fyrir sumarútleiguna og umhverfið aðlaðandi fyrir gesti þeirra. Fjóla Orradóttir og Viðar Benjamínsson tóku við sem umsjónarmenn húsanna snemma árs 2020. Þau eru úti með penslana á lofti að bera á timburverk þegar okkur ber að garði.

„Svona er vorið á Einarstöðum. Við erum að búa húsin undir sumarútleiguna. Það þarf að þrifa og hreinsa til í hverju húsi og bera á allt timburverk utandyra þannig þau séu tilbúin fyrir sumarið,“ segir Fjóla.

Orlofshúsin Einarstöðum er félag í eigu sjö stéttarfélaganna. Alls eiga þau 32 húsin í byggingdinni, þar af er 31 leigt út en þetta eina sem út af stendur er þjónustuhús. Af þessum á AFL flest húsanna, sextán talsins en Eining/Ídja á fjögur, síðan Efling, VR og Rafiðnaðarsambandið þrjú hvert og loks VerkVest og loks Félag vélstjóra og málmteknimanna sitt húsið hvort. Þannig koma gestir orlofshúsanna víða af landinu.

Í byrjun júní hefst það tímabil sem félagar í stéttarfélagunum geta byrjað að leigja hús viku í senn. Þá er ásóknin mest. „Öll húsin eru bókuð allt sumarið og það komast færri að en vilja. Það er góð stemming hér á sumrin,“ segir Fjóla. Eftir ágúst er síðan hægt að leigja orlofshúsin staka daga eða helgar. Meðal verka umsjónarfólksins er að moka snjóinn á svæðinu. „Við mokum afleggjarann frá þjóðvegnum og sjáum um að Einarstaðahverfið sé fært og leigjendur geti lagt í bílastæði við húsið sitt. Fólk þarf að moka sig sjálf inn í hús eða af pöllum en það er skófla með hverju húsi,“ útskýrir Fjóla.

Of miklu hent út í náttúruna

Meðal vorverkanna er að tína rusl í byggingdinni, enda ýmislegt sem kemur undan snjónum. „Það kemur oft mikið rusl undan honum. Sérstaklega virðast munntóbakspúðar eiga það til að fjúka út úr fólki. Eins hverfa sigarettustubbar og bjórdósir í snjóskafana yfir veturna. Þess vegna þarf að tína heilmikið rusl í kringum húsin.

Þetta getur líka átt við eftir helgarleigurnar. Fólk hendir of miklu út í náttúruna. Þegar við förum yfir húsin að lokinni leigu lítum við líka eftir hvort tína þurfi rusl í kringum það. Næsti leigutaki er oft fólk með börn og það er ekki hægt



Fjóla Orradóttir í vorverkunum á Einarstöðum. Mynd: GG

að bjóða því upp á að allt svæðið í kring sé úti í sigarettustubbum eða munntóbakspúðum,“ segir Fjóla.

Skyldur leigjenda fyrir brottför

Þess utan er reglan sú að leigjendur eiga sjálfir að þrifa húsin áður en þeir fara. Umsjónarmennirnir fara aðeins inn til að líta yfir húsin og koma með hreinar tuskur, skúringamoppur og viskastykki á milli leigjenda. Gestir þurfa sjálfir að koma með lök og sængurver á rúmin og handklæði. Ef viðskilnaðurinn er ekki í lagi, til dæmis ekki er skúrað, eru leigjendurnir rúkaðir fyrir vinnu á þrífum sem umsjónarfólk telur ábótavant.

En reglan um að leigjendurnir komi sjálfir með rúmlökin hefur leitt til sérstæðrar þekkingar hjá umsjónarfólkinu. „Húsin eru ekki öll eins. Þess vegna þarf maður að hafa staðirnar á rúmunum í kollinum ef væntanlegur leigjandi hringir til að spyrja út í lakið sem hann ætlar að taka með sér. Ég er komin með þetta í kollinn núna. Þótt þetta standi allt í leigusamningunum er fólk misduglegt að lesa þá. Stundum erum við líka spurð hvort það séu kaffivélar í húsunum – það eru þær að sjálfsögðu!“

Annað sem leigjendur þurfa að muna eftir fyrir brottför er að ganga frá heitu pottunum. „Það er takmarkað innrennsli í þá þannig það tekur um 4-5 tíma að fylla hvern pott. Við brottför þarf fólk að tæma

þá og þrifa og byrja að láta renna í þannig allt sé tilbúið þegar næsti mætir. Það er frábært að geta komist beint í pottinn ef fólk kemur seint að kvöldi. Á sumrin kíkjum við ekkert á heitu pottana, þeir eru alfarið á ábyrgð leigjendanna.

Við erum hér yfirleitt 9-17 virka daga en þess utan á bakvakt. Þá snum við aðeins neyðartilfellum, til dæmis ef fólk læsir sig úti eða klósett stíflast. Stundum er hringt út af smærri atriðum og þess vegna útbjuggum við upplýsingamöppu sem er í hverju húsi. Þar eiga að vera svör við flestum spurningum sem upp geta komið á leigutíma, til dæmis hvar sé hægt að komast í meira gas ef það klárast meðan grillað er, hvernig stilla skal heita pottinn eða hvar lök og handklæði eru ef þau gleymast.“

Allt orðið snyrtilegt og flott

Mikil endurnýjun hefur orðið á Einarstöðum undanfarin ár sem segja má að hafi byrjað fyrir um áratug þegar heitt vatn var lagt þangað. Í kjölfarið voru heitir pottar settir við öll húsin en síðan haldið áfram. „AFL er að verða búíð að endurnýja öll sín húsin. Í vetur hefur verið unnið í þremur og síðustu tvö verða kláruð næsta vetur. Það er búíð að endurnýja mikið hér á svæðinu þannig allt er orðið snyrtilegt og flott.“

Leiktækin á svæðinu hafa mörg hver fengið yfirhalingu auk þess

sem ærslabelgur bættist í flóruna fyrir ekki svo löngu.

Þurfa að geta bjargað ýmsu

Fjóla kom til starfa á Einarstöðum í janúar 2020, skömmu áður en Covid-faraldurinn skall á. „Útleigan jókst þegar lokað var fyrir utanlandsferðir. Fyrstu páskana hvatti þrjú til þess að sumarhúsabyggingdum yrði lokað en það var bara hluti húsanna lokaður.“

Fjóla segir fyrrum umsjónarmann byggðarinnar hafa bent henni á starfið. „Hann vissi að ég væri milli starfa svo hann hringdi í mig og sagði að þetta væri akkurat starfið fyrir mig.“

Til að starfa hér þarf maður að vera „altmuligmand.“ Við þurfum að geta bjargað okkur með ýmislegt því við sjáum allt viðhald. Við þurfum að geta skipt um blöndunartæki, kunna inn á pípulagnir fyrir heitu potanna, smíða til að dytta að inni og úti auk þess að slá grasið, moka snjó og laga tækin. Þannig að starfið er fjölbreytt og maður þarf að geta brugðist við hinum ýmsu verkefnum og geta leyst þau eftir bestu getu.“

Barneignastyrkur og rýmri réttur til sjúkradagpeninga

Á aðalfundi AFLs voru samþykktar tvær breytingar á reglugerð Sjúkrasjóðs. Í fyrsta lagi var samþykkt heimild til stjórnar til að veita barneignastyrki og í öðru lagi voru rýmkaðar reglur sjóðsins varðandi greiðslu sjúkradagpeninga – jafnvel á meðan viðkomandi hefur enn einhverjar tekjur frá launagreiðanda.

Barneignastyrkir eru að upphæð kr. 150.000 fyrir félagsmann við fæðingu barns. Ef báðir foreldrar eru félagsmenn fá bæði greiddan styrk – þá samtals kr. 300.000. Skilyrði fyrir styrkveitingu er að foreldri hafi verið félagsmaður í tólf mánuði fyrir fæðingu og greitt iðgjald af sem svarar lágmarkslaunum. Ef félagsaðild er styttri, eða starfshlutfall minna, er greitt hlutfallslega. Ef félagsaðild er styttri en sex mánuðir fyrir fæðingu er ekki greiddur styrkur.

Einnig er greiddur styrkur við ættleiðingu barna undir tólf ára aldri ef ættleiðingunni fylgdi sannanlega kostnaður. Þá er greiddur hálfur styrkur við andavana fæðingar eða fósturlát ef fóstrið var eldra en átján vikna.

Stjórn félagsins setur nánari verklagsreglur og viðmiðanir.

Þá var sjóðnum heimilað að greiða hluta sjúkradagpeninga ef veikindalaun félagsmanns eru verulega lægri en reiknaðir sjúkradagpeningar yrðu. Til skýringar má nefna að veikindalaun almenns verkafólks með fimm ára starfsreynslu eru einn mánuður með staðgengilslaunum (þ.e. með yfirvinnu, vaktaálögum bónusum og öðrum föstum greiðslum), einn mánuður með fullum dagvinnulaunum (dagvinnulaun, vaktaálög og bónusar) og síðan

tveir mánuðir með strípuðum dagvinnutaxta.

Þetta hefur í för með sér að félagsmenn, t.d. í fiskvinnslu sem geta haft hlutfallslega há laun í vinnulotum með vaktaálögum, yfirvinnu og bónus, fá í langtíma-veikindum tvo mánuði á hreinum dagvinnulaunum áður en sjúkradagpeningar taka við.

Sjúkradagpeningar eru 85% af meðallaunum síðustu mánaða þannig að þeir geta verið mun hærri en hrein dagvinnulaun. Þetta á einnig við um sjómenn sem fá hluta af sínum veikindarétti greiddan á kauptryggingu – sem er yfirleitt miklu lægri en hásetahlutur.

Þetta getur þýtt að félagsmenn AFLs, sem lenda í veikindum sem ná yfir allan veikindarétt þeirra hjá launagreiðanda og inná sjúkradagpeninga, lenda í miklu tekjufalli áður en sjúkradagpeningarnir taka við. Þetta hefur í sumum tilfellum leitt til þess

að fólk lendir í vanskilum sem erfitt er að vinna sig úr í veikindum.

Það er þó hængur á þessu ákvæði reglugerðar sjúkrasjóðsins. Þeir dagar sem fólk tekur sjúkradagpeninga á móti launum í veikindum – telja að fullu þannig að fólk gengur á 120 daga sjúkradagpeningarétt sinn. Þessu ákvæði verður því aðeins beitt að höfðu góðu samráði milli sjúkrasjóðs og félagsmanns – því í lengri veikindum getur borgað sig að nýta ekki ákvæðið heldur eiga rétt sinn óskertan þegar launagreiðslum lýkur.

Því má við bæta að félagsmenn sem enn eiga rétt til sjúkradagpeninga og hefja starf eftir veikindi í takmörkuðu starfshlutfalli, eiga líka rétt á hlutabótum sjúkrasjóðs á móti launum – svo lengi sem viðkomandi eigi enn inni hluta af 120 daga rétti sínum.

Spennandi orlofskostir

AFL býður upp á orlofsdvöl í alls 23 orlofshúsum í sumar á 10 stöðum á landinu. Þannig voru í boði 264 vikur. Þegar úthlutað var 12. apríl sl. höfðu borist 685 umsóknir og þar af 246 umsóknir sem voru í forgangi.

Umsókn er í forgangi þegar félagsmaður hefur ekki fengið úthlutað sumarhúsi síðustu þrjú sumur.

Mikil vinna hefur síðan verið hjá félaginu við að fylgja eftir úthlutun og endurúthluta húsum sem skilað

er inn og er þá farið eftir biðlista sem dregið er um röð á í framhaldi úthlutunar. Á orlofsvef félagsins er unnt að sjá lausar vikur og hafa í kjölfarið samband við starfsmann félagsins.

Einnig verða í boði Veidikort og Útilegukort í sumar sem fyrri sumur.

AFL hefur einnig selt gistiávisanir á hótél en við höfum verið í dálitlu brasi með hótélkeðjurnar sem hafa ítrekað neitað að taka við hótélávisunum þegar hótélín eru vel bókuð – en bjóða fólki gistingu á mun herra verði. Einnig ákváðu Íslandshótel (Fosshótel) að hætta viðtöku gistiávisana en buðu okkur að kaupa „gjafabréf“ í staðinn sem við höfnuðum. Með því fyrirkomulagi væri engin leið fyrir félagið að tryggja að niðurgreiðsla okkar rynni til gistingar fyrir félagsmann okkar – heldur gæti hver sem er verið að nota gjafakortið. AFL hefur því hætt sölu á gistiávisunum fyrir Fosshótel.

Staðir í boði í sumar:

1	Einarsstaðir	3. júní – 26. ágúst
2	Klifabotn	3. júní – 26. ágúst
3	Brekuskógur	3. júní – 19. ágúst
4	Minniborgir	3. júní – 26. ágúst
5	Birkihlíð	3. júní – 02. sept.
6	Ölfusborgir	3. júní – 26. ágúst
7	Svignaskarð	3. júní – 02. sept.
8	Purranes	3. júní – 26. ágúst
9	Glaðheimar	3. júní – 26. ágúst
10	Illugastaðir	3. júní – 26. ágúst



Sumarleyfi og smáfólkið

Í orlofsbæklingi AFLs er árlega lítill pistill um sumarleyfin og smáfólkið. Pistillinn snýst að mestu um að fólki hafi skilning á því að langar bilferðir geta verið erfiðar fyrir yngstu fjölskyldumeðlimina.

Vegna þess hvernig Austurland er í sveit sett getur verið langur akstur

í þau sumarhús sem félagið býður félagsmönnum. Það getur því verið mikilvægt til að tryggja að allir komi ánægðir og hressir á áfangastað að huga að smáfólkinu.

Tryggja þarf að allir fái næringu og drykk og ekki síst smá hreyfingu af og til og svo verða þau fullorðnu

að vera tilbúin til að hlusta á vinsæl barnalög eða syngja með eftir því hvernig stemmingin er í bílnum og leika hvers kyns leiki sem stytta geta leiðina.

Bolti eða sippuband getur verið töfrataki þegar stoppað er. Ef veður leyfir og aðstæður er fyrir hendi hafa

öll börn gott af því að hlaupa og ærslast aðeins og koma blóðinu á hreyfingu áður en aftur er sest við akstur.

Njótum sumarleyfisins og tryggjum að allir njóti þess með okkur. Notum áfengi í hófi þegar börnin eru með.